

Nd. 621. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [338. mál]

um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi.

Lýðræði, þingræði og jafnrétti eru grundvallarreglur stjórnarskipunar Íslands. Stjórnvöld ríkisins fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar.

2. gr.

Alþingi og forseti fara með löggjafarvaldið.

Forseti felur ríkisstjórn og öðrum stjórnvöldum að fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

3. gr.

Forseti skal vera þjóðkjörinn.

4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður sem fullnægir skilyrðum kosningaréttar til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 3000 kosningarbærra manna og mest 6000. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta og má þar ákveða að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr hverjum landsfjórðungi.

5. gr.

Forseti skal kjörinn beinum leynilegum kosningum af þeim er kosningarrétt hafa til Alþingis. Sá frambjóðandi, sem hefur hlotið yfir 50% greiddra atkvæða, er rétt kjörinn forseti. Ef fleiri en tveir eru í kjöri skal kjósa milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu.

Ef einn maður er í kjöri skal hann teljast rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.

6. gr.

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár er kjörtímabil endar. Forseti sitji aldrei lengur en tvö kjörtímabil.

7. gr.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum áður en kjörtímabili hans er lokið og skal þá innan þriggja mánaða kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.

8. gr.

Nú verður sæti forseta laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum og skulu þá forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti sameinaðs Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli ræður meiri hluti.

9. gr.

Forseti má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum önnur launuð störf. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur til forseta kjörtímabil hans.

10. gr.

Forseti vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni er hann tekur við störfum. Að eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað en Þjóðskjalasafnið hitt.

11. gr.

Forseti ber ekki beina ábyrgð á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá er störfum hans gegna.

Ábyrgð forseta skal ákveðin með lögum.

Forseti verður ekki sóttur til saka nema með samþykki Alþingis.

Forseti verður leystur frá embætti áður en kjörtíma hans er lokið ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis enda hafi hún hlotið fylgi $\frac{3}{4}$ hluta þingmanna.

Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi og gegnir forseti eigi störfum frá því að Alþingi gerir samþykkt sína þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.

Forseta er heimilt að segja af sér embætti sökum veikinda eða af öðrum persónulegum ástæðum. Skal þá kjósa nýjan forseta innan þriggja mánaða. Geti forseti ekki gegnt embætti þar til annar hefur verið kjörinn fer um forsetavald skv. 8. gr.

12. gr.

Forseti skal hafa aðsetur á Bessastöðum.

13. gr.

Forseti ákveður hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Jafnframt skiptir hann störfum með þeim að tillögu forsætisráðherra.

Ríkisstjórn skal njóta stuðnings meiri hluta Alþingis eða hlutleysis. Hún skal því aðeins mynduð að forseti hafi gengið úr skugga um að meiri hluti Alþingis sé henni ekki andvígur.

Hafi viðræður um stjórnarmyndun skv. 2. mgr. ekki leitt til myndunar ríkisstjórnar innan átta vikna er forseta heimilt að skipa ríkisstjórn.

Hafi forseti skipað utanþingsstjórn skal sú stjórn leyst frá störfum þegar er meiri hluti hefur myndast á Alþingi og nýr ráðherralisti liggur fyrir.

Ríkisstjórn skal láta af störfum ef meiri hluti Alþingis lýsir yfir vantrausti á henni, sbr. 23. gr.

Ráðherrar mega ekki vera alþingismenn. Nú er alþingismaður skipaður ráðherra og skal þá varamaður hans á Alþingi taka sæti hans þann tíma sem hann gegnir ráðherraembætti. Ráðherrar mega ekki hafa önnur launuð störf eða sitja í launuðum stjórnnum fyrirtækja nema með samþykki Alþingis.

14. gr.

Forseti og ráðherrar skipa ríkisráð og hefur forseti þar forsæti.

Lög og þær stjórnarráðstafanir, sem krefjast undirritunar forseta, skulu bornar upp við forseta í ríkisráði.

Ákveða skal með lögum hvaða önnur málefni eru þar borin upp.

15. gr.

Forseti lætur ráðherra framkvæma vald sitt. Ráðherrar bera ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum.

Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum.

Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Mál þeirra skulu dæmd fyrir Hæstarétti.

16. gr.

Ríkisstjórnarfundur skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Ríkisstjórnarfundur skal halda ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórnarfundum.

17. gr.

Ríkisstjórnin hefur aðsetur í Reykjavík.

18. gr.

Undirskrift forseta undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi ef ráðherra ritar undir þau með honum.

19. gr.

Fyrir skal mælt í lögum um skipun og ráðningu ríkisstarfsmanna. Engan má skipa starfsmann ríkisins nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Þeir starfsmenn, sem forseti skipar, skulu vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Engan starfsmann skal ráða ævilangt. Heimilt er nýrri ríkisstjórn að endurráða eða ráða nýja embættismenn.

20. gr.

Forseti og ríkisstjórn verða að samþykka samninga sem gerðir eru við önnur ríki og fjölþjóðafyrirtæki.

Enga samninga má gera er hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða lofthelgi eða þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til. Gera skal Alþingi grein fyrir gerð allra mikilvægra samninga við önnur ríki eða fjölþjóðafyrirtæki áður en þeir hafa verið samþykktir.

21. gr.

Forseti stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður hvenær því skuli slitið að tillögu forsætisráðherra. Þingi má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti kveður Alþingi á sama hátt til aukafunda þegar nauðsyn ber til.

22. gr.

Forseti getur að tillögu forsætisráðherra frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessu ákvæði.

23. gr.

Forseti getur rofið Alþingi með samþykki þess. Þarf minnst helmingur þingmanna hvorrar deildar að vera viðstaddur atkvæðagreiðsluna og $\frac{2}{3}$ hlutar að greiða atkvæði með þingrofi. Nú er Alþingi rofið og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því það var rofið enda komi Alþingi saman eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að það var rofið.

Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.

Alþingi getur því aðeins samþykkt vantraust á forsætisráðherra, og þar með ríkisstjórn, að fyrir liggja samstaða meiri hluta alþingismanna um val á eftirmanni hans. Jafnframt skal

send beiðni til forseta lýðveldisins um að leysa forsætisráðherra frá störfum. Forseti skal verða við þessari beiðni og tilnefna nýjan forsætisráðherra að ósk Alþingis.

24. gr.

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp skal það lagt fyrir forseta eigi síðar en þremur vikum eftir að það var samþykkt. Áður en forseti tekur ákvörðun um staðfestingu frumvarpsins getur hann óskað eftir því að um það fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að ósk um hana var borin fram. Sé frumvarpið fellt er forseta heimilt að neita að staðfesta það. Sé það samþykkt skal forseti staðfesta það.

25. gr.

Birta skal lög. Lög öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa verið birt. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

Einnig skal birta mikilvægar stjórnvaldsákvæðanir sem varða hagsmuni almennings.

26. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til getur forseti, að tillögu ráðherra, gefið út bráðabirgðalög milli þinga en efni þeirra skal áður kynnt fyrir viðkomandi þingnefnd. Ekki mega þau brjóta í bága við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi í upphafi þings. Nú hefur Alþingi ekki samþykkt bráðabirgðalög þremur mánuðum eftir að þing er sett og falla þau þá úr gildi.

27. gr.

Forseti getur, að tillögu ráðherra, náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna málshöfðunar Alþingis nema með samþykki þess.

28. gr.

Allir eiga rétt á að stofna stjórnmalaflokka. Skulu þeir starfa á lýðræðislegum grundvelli og vera skylt að gera opinber skil á fjárreiðum sínum. Stjórnmalaflokkum ber að láta í ljósi stjórnmalalegan vilja fólksins.

Stjórnmalaflokkar, sem samkvæmt stefnuskrá eða hegðan félaga sinna vinna að því að leggja niður eða skaða grundvallarreglur frjáls lýðræðis og stofna lýðveldinu í hættu, eru ósamkvæmir stjórnarskránni.

Hæstiréttur dæmir hvort stjórnmalaflokkur brýtur í bága við stjórnarskrána.

Nánar skal fjallað um stjórnmalaflokka í lögum.

29. gr.

Á Alþingi eiga sæti 46 þjóðkjörnir þingmenn kosnir leynilegum hlutbundnum kosningum til fjögurra ára:

A. 31 þingmaður neðri deildar Alþingis og skulu þeir kosnir í fimm fylkjum með sem jöfnustu vægi atkvæða:

1. Höfuðborgarfylki,
Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður og Kjósarsýsla.
2. Vesturlandsfylki,
núverandi Vesturlands- og Vestfjarðakjördæmi.
3. Norðurlandsfylki,
núverandi Norðurlandskjördæmi vestra og eystra.
4. Austurlandsfylki,
núverandi Austurlandskjördæmi.

5. Suðurlandsfylki,
núverandi Suðurlandskjördæmi að viðbættum Grindavík, Keflavík, Njarðvík og
Gullbringusýslu.
- B. 15 þingmenn efri deildar Alþingis og skulu þeir kosnir í fimm fylkjum sem hvert hafi
þrjá þingmenn.

30. gr.

Alþingi starfar í tveimur málstofum og sameinuðu þingi. Hvorri þingdeild og
sameinuðu þingi er heimilt að óska eftir að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um lög enda sé
það samþykkt með tveimur þriðjungum atkvæða þeirrar deildar er þess óskar. Úrslit
þjóðaratkvæðagreiðslu eru bindandi fyrir Alþingi.

31. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem hafa náð eða ná 18 ára aldri á því
ári sem kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt og eru eigi sviptir löggræði. Menn,
sem hafa flutt lögheimili sitt úr landi á síðustu fjórum árum fyrir kjördag, hafa kosningarrétt.
Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

32. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari sem kosningarrétt hefur til
Alþingis.

Hæstaréttardómarar og ríkissaksóknari eru þó ekki kjörgengir.

33. gr.

Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar eða næsta
virkan dag ef helgidagur er hafi forseti að tillögu forsætisráðherra ekki tiltekið annan
samkomudag fyrr á árinu. Breyta má þessu með lögum.

Nýkjörið þing skal koma saman eigi síðar en 10. október. Hafi kosning til Alþingis ekki
farið fram að vori skal það koma saman eigi síðar en þremur vikum eftir að kosning hefur
farið fram.

34. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

35. gr.

Samkomustaður Alþingis er í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt getur forseti að
tillögu forsætisráðherra ákveðið að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á landinu.

36. gr.

Sameinað Alþingi sker úr hvort þingmenn þess séu löglega kosnir og einnig hvort
þingmaður hafi misst kjörgengi.

37. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni þegar er
kosning hans hefur verið tekin gild.

38. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína.

39. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sinn. Stýra þeir störfum deilda og
sameinaðs þings.

40. gr.

Alþingi kýs fastanefndir við upphaf þings til þess að athuga þingmál. Um starfsháttu þeirra skal nánar fjallað í lögum. Alþingi getur falið slíkum þingnefndum að kanna mikilvæg mál er almenning varða og veitt þeim rétt til þess að óska eftir skýrslum, munnlegum og skriflegum, frá opinberum stofnunum, starfsmönnum og einstökum samtökum eða fyrirtækjum og er öllum skylt að verða við óskum nefndarinnar.

Þá getur Alþingi kjörið sérstakar nefndir þingmanna til að rannsaka mál þegar brýn ástæða þykir til og skal í lögum kveðið á um réttindi, skyldur og starfsháttu slíkra nefnda.

41. gr.

Hvor deild hefur rétt til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annarra samþykkt. Einnig má hvor þingdeild eða sameinað Alþingi senda forseta lýðveldisins ávörp.

42. gr.

Ríkisstjórn og ráðuneytum er ekki heimilt að inna af hendi neina greiðslu eða gjöld nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum nema samþykki Alþingis komi til.

43. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár sem í hönd fer. Í frumvarpinu skal fólgin greinargerð um ráðgerðar tekjur og gjöld ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja næsta fjárhagsár. Frumvarpið skal leggja fram áður en þingi er slitið að vori.

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal lagt fyrir sameinað þing og afgreitt þar með þremur umræðum.

44. gr.

Rétt til að flytja frumvarp til laga og tillögur til þingsályktunar hafa þingmenn, ráðherrar og ríkisstjórn.

Ekkert lagafrumvarp að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum má samþykkja fyrir en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

45. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeild skal það lagt fyrir hina deildina svo sem það var samþykkt. Ef þar verða breytingar á gerðar fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef aftur verða gerðar breytingar fer það að nýju til hinnar deildarinnar, sbr. þó 30. gr. Nú gengur enn eigi saman og ganga þá báðar deildirnar saman í eina málstofu og er þá málinu lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál. Ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi má þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með þeim.

46. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

47. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert mál í þeirri þingdeild sem hann á sæti í ef hún leyfir og beiðast skýrslu ráðherra um málið.

48. gr.

Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán er skuldbindi ríkið né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

49. gr.

Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess.

Sameinað Alþingi kýs yfirskoðunarmenn. Starfssvið þeirra og skyldur séu nánar ákveðin í lögum. Þeir, sem endurskoðun annast, skulu eiga aðgang að öllum skýrslum, skjölum og öðrum gögnum sem þeim þykir þurfa til þess að geta leyst starfann af hendi.

50. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir má ekki setja neinn alþingismaðmann í varðhald eða höfða mál á hendur honum án samþykkis Alþingis nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt á þingi nema Alþingi leyfi.

51. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi og missir hann þá rétt þann er þingskosningin hafði veitt honum.

52. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi. Eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðum en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó ekki, sbr. 13. gr.

53. gr.

Fundir beggja deild Alþingis og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist þess að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum og sker þá þingfundur úr.

54. gr.

Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.

55. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

56. gr.

Dómskerfið skiptist í þrjú dómstig, þ.e. Hæstarétt, lögréttu og héraðsdóm. Dómstólum skal halda aðskildum frá framkvæmdarvaldinu.

57. gr.

Hæstiréttur er æðsti dómstóll landsins. Skipun hans og valdsvið, svo og hvaða málum verði leyft að áfrýja til hans, skal ákveðið með lögum. Hið sama gildir um lögréttu sem áfrýjunardómstól og aðra dómstóla landsins.

58. gr.

Ríkissaksóknari fer með ákærvaldið. Skipun hans, valdsvið og starfsemi skal ákveðin í lögum. Ríkissaksóknari er einungis bundinn af lögum í embættisstörfum sínum.

59. gr.

Dómendur skuli í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. Ekki má fela dómara föst umboðsstörf nema með lögum.

60. gr.

Dómstólar eiga úrskurðarvald um réttarágreining með þeim undantekningum sem ákveðnar eru í lögum. Þeir skera úr öllum ágreiningi um valdmörk stjórnvalda og hvort lög brjóta í bága við stjórnarskrá.

Enginn getur frestað framkvæmd stjórnvaldsboðs með því að skjóta málinu til dóms.

61. gr.

Dómendum Hæstaréttar og öðrum umboðsstarfalausum dómendum og ríkissaksóknara verður ekki vikið úr embætti nema með dómi. Ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti gegn vilja þeirra nema þegar svo stendur á að verið er að koma nýrri skipan á dómstólana, sbr. þó 2. mgr. 19. gr.

Þessi fyrirmæli standa ekki í vegi fyrir að lög heimili að leikmenn taki þátt í dómstörfum.

62. gr.

Landið skiptist í fimm fylki sem sveitarfélögin mynda. Sveitarfélög eru grunneiningar stjórnskipunar landsins.

63. gr.

Fylkin ráða sjálf málefnum sínum. Þau fara með fjármál fylkisins, svo og samgöngumál, heilbrigðis- og tryggingamál, menntamál, atvinnumál og orkumál.

Nánar skal kveðið á um verkefnaskiptingu í lögum.

64. gr.

Kosið skal til fylkisþinga í almennum leynilegum kosningum.

Fulltrúar á fylkisþingum skulu vera frá 19 til 31 eftir fjölda sveitarfélaga eða fjölda íbúa fylkisins.

Fylkisþing skulu koma saman eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Fulltrúar fylkisþinga kjósa sjö manna fylkisstjórn. Formaður fylkisstjórnar skal kosinn sérstaklega en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Fylkisstjórn ræður fylkisstjóra og aðra embættismenn fylkisins.

65. gr.

Í hverju fylki skal vera einn aðalbanki, fylkisbanki, sem er sameign banka og sparisjóða fylkisins. Fylkisbankinn sér um öll erlend viðskipti og bindiskyldu fylkisins.

Fylkisbankarnir ákveða sameiginlega söluverð gjaldeyris.

Sameiginlegur seðlabanki landsins skal vera í Reykjavík.

Nánar skal kveðið á um fylkis- og seðlabanka í lögum.

66. gr.

Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum.

Stjórnir sveitarfélaga skulu kjörnar í almennum leynilegum kosningum.

67. gr.

Rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum, sem og skipting á verkefnum milli sveitarfélaga, fylkja og ríkisins, skal skipað með lögum.

68. gr.

Ef 25% íbúa sveitarfélaga óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins er sveitarstjórn skylt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um málið.

69. gr.

Lýðveldið viðurkennir og styður sjálfstæði héraðanna. Það skal byggja gerðir sínar á almennri valddreifingu allrar stjórnáslu og þjónustu sem ríkið veitir. Stefnumótun og setning löggjafar skal hafa að markmiði valddreifingu og sjálfstjórn byggðanna.

70. gr.

Hin evangelíska lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

71. gr.

Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti sem best á við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

72. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarafstöðu sinnar né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og geldur hann þá til Háskóla Íslands eða einhvers viðurkennds styrktarsjóðs, er hann sjálfur tilnefnir, gjöld þau er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki er viðurkenndur er í landinu.

73. gr.

Allir skulu njóta frelsis, mannhelgi og jafnréttis að lögum.

74. gr.

Mannréttinda skulu menn njóta án manngreinarálits vegna kynferðis, trúarafstöðu, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags eða stöðu sinnar í öðru tilliti.

Löggjöf og stjórnarathöfnum skal haga í samræmi við ákvæði mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og mannréttinasáttmála Evrópu.

75. gr.

Frelsissviptingu verður því aðeins beitt að til hennar sé sérstök lagaheimild. Sá, sem orðið hefur að þola frelissviptingu af hálfu stjórnvalda, skal eiga rétt til þess að bera málið undir dómara og hljóta úrlausn hans án ástæðulauss dráttar.

Hver sá, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju um ástæður fyrir handtökunni. Skal án undandráttar leiða hann fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari áður en sólarhringur er liðinn leggja rökstuddan úrskurð á hvort hann skuli settur í gæsluvarðhald. Engum manni skal haldið í gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur og megi láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver trygging skuli vera. Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök sem aðeins varðar fésekt eða varðhaldi.

76. gr.

Allir skulu hljóta réttláta meðferð mála sinna fyrir dómstólum. Hver sá, sem sakaður er um refsivert athæfi, skal talinn saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð lögum samkvæmt.

77. gr.

Enginn skal sekur fundinn um refsivert athæfi nema brot hans hafi varðað refsingu að lögum á þeim tíma er það var framið. Eigi má heldur dæma neinn til þyngri refsingar en heimilt var á þeim tíma þegar refsivert verk var unnið.

78. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, raska friðhelgi einkalífs, rannsaka einkagögn eða rjúfa bréfa- og símaleynd nema með dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Ákvæði um vernd upplýsinga um einkahagi manna skulu sett í lögum.

79. gr.

Virða ber skoðanafrelsi manna. Hver maður á rétt á að láta í ljósi hugsanir sínar. Þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

80. gr.

Menn hafa rétt til að koma saman með friðsömum hætti og stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi.

81. gr.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

82. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji enda þarf lagaboð til.

83. gr.

Enginn Íslendingur verður sviptur ríkisborgararétti sínum og engum þeirra meinað að koma inn í landið. Allir, sem eiga löglega dvöl í landinu, skulu frjálsir ferða sinna og ráða búsetu sinni. Öllum skal frjálst að fara úr landi.

84. gr.

Allir skulu eiga rétt á félagslegri aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli eða af öðrum ástæðum eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

85. gr.

Allir skulu eiga rétt til að njóta menntunar og fræðslu eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

86. gr.

Rétti manna til vinnu og orlofs skal skipað með lögum.

87. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum. Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarréttindi hér á landi skal skipað með lögum.

88. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum. Óheimilt er eftir mitt ár að setja lög sem leiða til hækkunar skatta á tekjur liðins árs eða eignir í lok liðins árs.

89. gr.

Engin lög mega hafa afturvirk áhrif.

90. gr.

Vernda skal náttúru landsins og auðlindir þess svo að ekki spillist líf eða land að nauðsynjalausu.

91. gr.

Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga.

Auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Eignarrétti að öðrum náttúruauðæfum skal skipað með lögum.

92. gr.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skal fara fram um einstök málefni ef 20% atkvæðisbærra Íslendinga óska eftir því. Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu eru bindandi fyrir Alþingi.

93. gr.

Alþingi kýs fulltrúa sem nefnist ármaður. Er hlutverk hans að gæta þess að stjórnarsýsluyfirvöld skerði ekki rétt manna í störfum sínum og skal nánar um það fjallað í lögum.

Sérhver sá, sem telur á rétt sinn gengið af hálfu yfirvalda, getur leitað til ármanns með erindi sitt.

94. gr.

Sérhver maður er skyldur að taka þátt í vörnum landsins eftir því sem nánar verður fyrir mælt í lögum.

95. gr.

Sé tillaga um breytingu á stjórnarskránni samþykkt í báðum deildum Alþingis skal fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um hana. Hljóti hún samþykki meiri hluta atkvæða hvers einstaks fylkis og hún einnig samþykkt óbreytt á Alþingi að loknum næstu kosningum skal hún staðfest af forseta og er hún þá gild stjórnarskipunarlög. Sé tillagan felld í atkvæðagreiðslu einhvers fylkis telst breytingartillagan felld.

Ekki er heimilt að láta kjósa um breytingu á stjórnarskrá samfara kosningum til reglulegs Alþingis.

96. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld stjórnarskipunarlög nr. 33/1944 og lög nr. 65/1984, um breytingu á þeim.

Greinargerð.

Drög þessi að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland eru unnin af stjórnarskrárnefnd Samtaka um jafnrétti milli landshluta.

Stjórnarskrárnefnd samtakanna hefur nú unnið að endurskoðun stjórnarskrárinnar í þrjú ár. Á þessum tíma hefur hún látið fjölríta þrjár tillögur að stjórnarskrá. Þegar hver tillaga hafði verið fjölrituð var hún kynnt á almennum fundum sem samtökin héldu víðs vegar um landið. Með þessu móti hafa fengist breytingartillögur frá almennum borgurum.

Jafnframt hefur stjórnarskrárnefndin kynnt sér stjórnarskrár og sveitarstjórnarlög nokkurra Vestur-Evrópuríkja og mun áfram vinna nánar að því verkefni.

Við gerð þessara draga hefur nefndin stuðst við:

1. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.
2. Skýrslu um endurskoðun stjórnarskrárinnar frá stjórnarskrárnefnd dr. Gunnars Thor-oddsens.
3. Hugmyndir stjórnarskrárnefndar samtakanna.
4. Breytingartillögur félagsmanna.
5. Tillögur Dómarafélags Íslands að nýrri stjórnarskrá.

6. Samanburð við stjórnarskrár annarra Vestur-Evrópuríkja.
7. Lögfræðilega ráðgjöf þeirra bæjarfógeta og sýslumanna sem hafa sýnt máli þessu áhuga og skilning.

Stjórnarskrárnefnd Samtaka um jafnrétti milli landshluta,

Pétur Valdimarsson.
Árni Steinar Jóhannsson.

Málmfríður Sigurðardóttir.
Örn Björnsson.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er mun ítarlegri en fyrr. Orðunum „frjálst og fullvalda“ er bætt hér við af augljósum ástæðum.

Þá er þess nú getið hverjar eru grundvallarreglur íslenskrar stjórnskipunar, lýðræði, þingræði og jafnrétti, en engin þeirra var áður nefnd þótt talað væri um „þingbundna“ stjórn.

Þá er það og nýmæli að fram er tekið að stjórnvöld ríkisins fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar. Verður að líta svo á að þetta taki til allra þriggja handhafa ríkisvaldsins.

Um 2. gr.

Hér er bætt við að ríkisstjórn fari með framkvæmdarvaldið ásamt forseta og öðrum stjórnvöldum. Með öðrum stjórnvöldum er átt við fylkis- og sveitarstjórnir.

Um 3. gr.

3. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 4. gr.

Efnislega óbreytt nema hvað meðmælendatala forsetaefnis er tvöfölduð vegna fjölgunar kjósenda.

Um 5. gr.

Í stjórnarskrá er hlutfallskosning látin ráða úrslitum. Nú eru fleiri en fimm menn í framboði og gæti þá forseti verið kjörinn með um það bil 20% greiddra atkvæða. Eðlilegt má telja að forseti verði að hafa stuðning meiri hluta kjósenda og því er lagt til að kosið sé milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu í fyrri kosningu hafi enginn hlotið yfir 50% atkvæða.

Um 6. gr.

Óæskilegt má telja að æðsti valdhafi ríkisins sitji lengur en átta ár að störfum þar sem störf hans eru þá orðin meira og minna vanabundin og má því ætla að orðið sé lítið um þann ferskleika sem æskilegur er í slíku starfi.

Um 7. gr.

Nýmæli er að kosning fari fram þremur mánuðum eftir að forseti deyr eða lætur af störfum.

Um 8. gr.

8. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 9. gr.

Fellð er niður tilvísun varðandi launagreiðslur frá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum. Þótti óþarft að taka slíkt fram.

Um 10. gr.

10. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 11. gr.

Óeðlilegt er að æðsti embættismaður þjóðarinnar sé algjörlega ábyrgðarlaus í öllum stjórnarathöfnum þó að hann feli ríkisstjórn og öðrum stjórnvöldum að fara með framkvæmdarvaldið. Þess vegna skal ábyrgð forseta ákveðin með lögum.

Séu stjórnarathafnir framkvæmdar í bága við sannfæringu forseta getur hann firrt sig ábyrgð með sérstakri bókun á ríkisráðsfundi.

Ekki er heimilt að sækja forseta til saka nema með samþykki Alþingis. Sé hann sakfelldur skal hann taka út refsingu eins og aðrir þegar landsins. Ekki eru nein ákvæði í stjórnarskrá um að forseti geti sagt af sér embætti en telja má víst að þær aðstæður geti skapast að forseti sjái sér ekki fært að gegna embættisstörfum og skal honum þá heimilt að segja embættinu lausu.

Um 12. gr.

Telja má að með búsetu forseta að Bessastöðum verði meiri kyrrð og friður kringum embættisbústaðinn en ef hann væri innan borgarmarkanna.

Um 13. gr.

Í greininni eru nokkur nýmæli. Hér er þingræðisreglan mjög skýrt áréttuð og forseta ber að kanna áður en stjórn er mynduð að meiri hluti alþingismanna sé henni ekki andvígur.

Þá er hér lagt til að skilja enn betur að en áður framkvæmdarvald og löggjafarvald með því að ráðherrar skuli ekki sinna störfum á Alþingi. Er þetta ákvæði hið sama og er í 62. gr. norsku stjórnarskrárinnar. Þá er settur ákveðinn tímafrestur, átta vikur, á heimild forseta til þess að skipa sjálfur ríkisstjórn. Þar sem telja má óeðlilegt að utanþingsstjórn sitji við völd skal Alþingi leitast við að mynda ríkisstjórn sem annað tveggja nýtur meirihlutafylgis eða hlutleysis. Skal utanþingsstjórn hverfa frá völdum þegar er sú staða hefur myndast á þingi.

Um 14. gr.

Efnislega eins og 16. gr. stjórnarskrár.

Um 15. gr.

Greinin er að hluta til samkvæmt 13. og 14. gr. í stjórnarskrá.

Um 16. gr.

Efnislega samhljóða 17. gr. stjórnarskrár.

Um 17. gr.

Efnislega samhljóða síðari mgr. 13. gr. stjórnarskrár.

Um 18. gr.

Samhljóða 19. gr. stjórnarskrár.

Um 19. gr.

Hér, eins og í skýrslu um endurskoðun stjórnarskrár frá janúar 1983, er felldur niður mismunur á embættismönnum og öðrum ríkisstarfsmönnum. Nýmæli er að enginn starfsmaður er lengur ráðinn ævilangt og hverri nýrri ríkisstjórn er heimilað að ráða nýja starfsmenn enda eðlilegt að ráðherrar ráði sér þá menn til samstarfs sem þeir treysta best. Enn fremur er algjörlega óeðlilegt að nokkur maður sé ráðinn í starf til lífstíðar.

Um 20. gr.

Áður 21. gr. Til þess að koma í veg fyrir misskilning er nú fram tekið að það er ríkisstjórn sem samþykkir samninga við önnur ríki ásamt forseta. Varðandi afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi er lofthelgi nú bætt við. Þá er það hér nýmæli að gera skal Alþingi grein fyrir gerð allra mikilvægra samninga við önnur ríki eða fjölþjóðafyrirtæki áður en þeir eru undirritaðir. Nú kemur aðeins lítill hluti slíkra samninga fyrir Alþingi.

Um 21. gr.

Áður 22. gr. Við er bætt að forseti vinnur störf sín að tillögu forsætisráðherra svo að ekki verði um misskilning að ræða í því efni.

Um 22. gr.

23. gr. stjórnarskrár en með sams konar viðbót og í 21. gr. hér að framan.

Um 23. gr.

Nú er í gildi þingrofsréttur ef samþykkt er vantraust á ríkisstjórn, svo og ef forsætisráðherra biðst lausnar. Með þeim nýmælum, sem hér eru tekin upp í báðum mgr., er þingrofsrétturinn mjög þrengdur. Samkvæmt þessari gr. þurfa minnst $\frac{2}{3}$ þingmanna í sameinuðu þingi að greiða atkvæði með þingrofi til þess að svo megi verða.

Þá er það einnig nýmæli að hægt er að skipta um ríkisstjórn án þess að kosningar fari fram þegar er meiri hluti alþingismanna óskar þess og hefur komið sér saman um nýjan forsætisráðherra.

Þessi fyrirmæli miða að því að skapa meiri festu í störfum Alþingis.

Um 24. gr.

Áður 26. gr. Á grein þessari hafa verið gerðar verulegar breytingar. Áður hafði forseti rétt til þess að neita að rita undir samþykkt lagafrumvarp og skjóta því þá til þjóðarinnar. Nú getur hann hins vegar óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið áður en hann tekur ákvörðun um það hvort hann staðfestir það eða ekki. Er slíkur háttur eðlilegri því að ella þurfa forseti og meiri hluti þings að standa að þjóðaratkvæðagreiðslunni sem andstæðingar.

Um 25. gr.

Áður 27. gr. Greinin er gerð skýrari með því að fram er tekið að lög öðlist ekki gildi fyrr en þau hafa verið birt. Sú regla er löngu staðfest af dómstólum. Hins vegar er það nýmæli að einnig skuli birta mikilvægar ákvarðanir stjórnvalda sem hagsmuni almennings varða. Er það til þess að auðvelda þjóðinni að fylgjast með ákvörðunum yfirvalda sem hana skipta miklu.

Um 26. gr.

Áður 28. gr. Hér hefur vald ríkisstjórnar til útgáfu bráðabirgðalaga verið verulega þrengt en ekki þótti rétt að afnema ákvæðið með öllu. Gert er að skilyrði að bráðabirgðalög verði ætíð lögð fyrir Alþingi í upphafi þings. Hafi Alþingi ekki samþykkt þau innan þriggja mánaða falla þau sjálfkrafa úr gildi. Er hér um nýjar takmarkanir á valdi ríkisstjórnar að ræða auk þess sem nú skal kynna efni bráðabirgðalaganna fyrir viðkomandi þingnefnd áður en þau eru sett. Gefur það m.a. stjórnarandstöðunni tækifæri til að taka afstöðu til laganna áður en þau taka gildi.

Um 27. gr.

Áður 29. gr. Sú efnisbreyting hefur verið ein gerð á þessari grein að afnumið er vald forseta til að ákveða að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla. Eftir að sérstökum embættismanni, ríkissaksóknara, var falið ákærvaldið sem dómsmálaráðherra fór áður með þykir ekki ástæða til að unnt sé að fella niður saksókn sem hann hefur ákveðið.

Þá segir nú í greininni að forseti náði mönnum að tillögu ráðherra. Er það engin efnisbreyting en á að koma í veg fyrir þann algenga misskilning að forseti hafi einn heimild til að náða menn.

Um 28. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Lagt er til að ákvæði um stjórnmalaflokka verði í stjórnarskrá landsins enda eru slík ákvæði í stjórnarskrá margra annarra lýðræðisríkja. Hér ber að hafa í huga hina miklu ábyrgð stjórnmalaflokka landsins. Er þeim gert skv. grein þessari að fylgja vissum grundvallarskilyrðum sem nánar verði útfærð í lögum.

Um 29. gr.

Greinin er nýmæli.

1. Kosinn er 31 þingmaður til neðri deildar Alþingis og er þar gengið út frá að að baki hverjum þingmanni standi því sem næst jafnmargir kjósendur í öllum fylkjum. Miðað við íbúafjölda árið 1985 mundu þingmenn neðri deildar skiptast þannig að Höfuðborgarfyki fengi 16 þingmenn, Vesturlandsfyki 3, Norðurlandsfyki 5, Austurlandsfyki 2 og Suðurlandsfyki 5.
2. Til efri deildar eru kosnir þrjú þingmenn frá hverju fylki eða samtals 15 þingmenn. Styðst þessi tillaga við sögulega röksemd og að svipað skipulag er ríkjandi hjá flestum vestrænum lýðræðisríkjum. Goðorðin skiptust eftir landshlutum til forna og síðar var landinu skipt í ömt fram í byrjun þessarar aldar þegar stjórnarráðið var sett á stofn í Reykjavík.

Algengasta fyrirkomulag þjóðþinga lýðræðisríkja Evrópu, Norður-Ameríku og Ástralíu er að starfandi eru tvær þingdeildir. Er kosið til annarrar með hliðsjón af sem jöfnustu vægi atkvæða en til hinnar með hliðsjón af hagsmunum héraða eða landshluta en íbúatala ekki lögð til grundvallar. Þessi efri deild heitir ýmsum nöfnum hjá þessum ríkjum, t.d. landsþing, landsráð, sambandsþing eða öldungadeild. Aðeins örfá ríki hafa eina þingdeild. Með hliðsjón af þeirri þróun hér á landi að fólkið flyst á höfuðborgarsvæðið og hinar dreifðu byggðir eru í hættu vegna þessa þykir nauðsynlegt að koma þessari nýjung á sem fyrst. Jafnframt er lagt til að uppbótarpingsæti verði felld niður enda augljóst að slíkt fyrirkomulag er stórgallað og hægt að misnota það. Þá skal bent á að með ýmsum nýmælum eru sett skýrari mörk milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Réttur til þingrofs er takmarkaður en með því er reynt að tryggja starfhæfari ríkisstjórn.

Nefndin leggur til að við uppstillingu á lista verði ekki raðað í númeraröð heldur í stafrófsröð samkvæmt útdrætti. Með því er reynt að koma í veg fyrir of mikil völd örfárra manna í stjórnmalaflokkunum.

Um 30. gr.

Grein þessi er nýmæli og með henni er tryggt að hægt sé, ef aukinn meiri hluti er fyrir hendi í þingdeildum og sameinuðu þingi, að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu og eru úrslit hennar bindandi fyrir Alþingi.

Um 31. gr.

Miklar breytingar eru gerðar á þessari grein. Kosningaaldur er hér miðaður við fæðingarár eins og gert er viðvíkjandi skattheimtu en ekki ákveðinn dag á árinu eins og nú er. Þá er ákvæðið um að enginn geti átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð fellt burt. Er það ekki lengur í samræmi við réttarvitund nútímans. Þá mega menn nú kjósa ef þeir hafa átt hér lögheimili einhvern tímann á síðustu fjórum árum fyrir kosningar. Kemur þetta ákvæði til móts við hagsmuni námsmanna erlendis og þeirra mörgu sem ráða sig til vinnu erlendis um skeið. Glatast kosningarrétturinn nú ekki sem fyrr.

Um 32. gr.

Áður 34. gr. Fram er nú beinlínis tekið að hæstaréttardómarar séu ekki kjörgengir þótt svo hafi áður verið í reynd (umboðsstarfalausir dómarar). Rétt þótti að hið sama gildi um ríkissaksóknara.

Um 33. gr.

Fyrri mgr. er 35. gr. stjórnarskrár óbreytt. Síðari mgr. er nýmæli.

Um 34. gr.

36. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 35. gr.

37. gr. stjórnarskrár efnislega óbreytt.

Um 36. gr.

46. gr. stjórnarskrár efnislega óbreytt.

Um 37. gr.

47. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 38. gr.

Áður 48. gr. Upphaf fyrri mgr. er óbreytt. Sú síðari er felld brott þar sem talið er nú óþarft að taka fram að embættismenn, sem kosnir eru á þing, þurfi ekki leyfi stjórnarinnar til að þiggja kosninguna.

Um 39. gr.

52. gr. stjórnarskrár efnislega óbreytt.

Um 40. gr.

Áður 39. gr. Í þeirri grein eru eingöngu ákvæði um sérstakar rannsóknarnefndir deilda. Ákvæði um fastanefndir þingsins hefur með öllu skort og er hér úr því bætt. Þá er það einnig mikilvægt nýmæli að þingið getur veitt slíkum nefndum heimild til að kanna mikilvæg mál og óska eftir skýringum af stofnunum, starfsmönnum, fyrirtækjum og einstaklingum. Auðveldar það þinginu að hafa eftirlit með framkvæmd laga. Ákvæðið um hinar sérstöku rannsóknarnefndir helst í greininni.

Um 41. gr.

38. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 42. gr.

41. gr. stjórnarskrár efnislega óbreytt.

Um 43. gr.

42. gr. stjórnarskrár en hér er bætt við ákvæði um greinargerð um ráðgerðar tekjur ríkisins og ríkisfyrirtækja.

Um 44. gr.

Fyrri mgr. er efnislega í samræmi við 54. gr. stjórnarskrárinnar. Hér er bætt við að ráðherrum og ríkisstjórn sé heimilt að flytja tillögur til þingsályktunar og frumvörp til laga þó að þeir eigi ekki sæti á Alþingi skv. 13. gr. Önnur mgr. er 44. gr. stjórnarskrárinnar óbreytt.

Um 45. gr.

45. gr. stjórnarskrár efnislega óbreytt.

Um 46. gr.

53. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 47. gr.

54. gr. stjórnarskrár efnislega óbreytt. Þá er einnig tekið fram að fyrirspurnir til ráðherra skuli bornar fram í sameinuðu þingi.

Um 48. gr.

40. gr. stjórnarskrár efnislega óbreytt.

Um 49. gr.

Áður 43. gr. Meginatriði endurskoðunarvalds Alþingis eru hér undirstrikuð, sérstaklega það að þær stofnanir, sem endurskoðunina annast, heyri beint undir Alþingi og greinin gerð styttri og gleggri. Um framkvæmdatriði endurskoðunarinnar skal síðan fjallað í lögum.

Um 50. gr.

Áður 49. gr. Greinin er óbreytt nema hvað það ákvæði er fellt niður að ekki megi taka alþingismann fastan fyrir skuldir án leyfis þingsins. Frelssvipting sakir skulda hefur verið almennt óheimil skv. lögum í tæpa öld, sbr. l. nr. 19/1887.

Um 51. gr.

50. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 52. gr.

51. gr. stjórnarskrár efnislega óbreytt. Skal þó bent á að skv. 13. gr. eru ráðherrar ekki lengur þingmenn og eiga því ekki atkvæðisrétt.

Um 53. gr.

57. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 54. gr.

58. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 55. gr.

59. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 56. gr.

Nú er dómskerfi skipt í tvö dómstig, þ.e. héraðsdóm og Hæstarétt, en hér er lagt til að þau verði þrjú.

Héraðsdómar verði látnir dæma á fyrsta stigi í öllum einkamálum og opinberum málum. Talið er nægilegt að hafa einn til tvo héraðsdóma í hverju fylki eftir því sem heppilegt er miðað við aðstæður.

Jafnframt er gert ráð fyrir þeim nýmælum að komið verði á nýju dómstigi, lögréttu, með fimm dómurum sem verði áfrýjunardómstóll og verði þangað áfrýjað verulegum hluta þeirra mála sem nú er áfrýjað til Hæstaréttar.

Hæstiréttur verður að sjálfsgöðu æðsti dómstóll landsins.

Hér er enn fremur lögð fram sú tillaga að dómskerfið verði aðskilið frá framkvæmdarvaldinu og þar með að öll stjórnslá og lögreglustjórn verði í höndum annarra en dómara.

Um 57. gr.

Hér er það nýmæli að með löggjöf verði því settar skorður hvaða málum megi áfrýja til Hæstaréttar. Svo er nú komið að Hæstiréttur dæmir mál yfirleitt ekki fyrr en tveimur árum eftir að þau eru dómfest til flutnings. Þarf tæpast að skýra nánar hve þessi seinangangur í dómskerfinu torveldar mönnum að ná rétti sínum. Vinnuálag á æðsta dómstól landsins er óeðlilegt og hætt við að virðing hans þverri ef svo verður látið viðgangast lengur. Lögrétta mundi létta þessu álagi verulega af Hæstarétti. Með löggjöf yrði kveðið nánar á um þessi atriði. Stjórnarskrárnefndin telur eðlilegt og æskilegt að þessi dómstóll verði á Selfossi enda styðst Árnessýsla við gamla hefð í dómsmálasögu þjóðarinnar. Reynist nauðsynlegt vegna fjölda mála fyrir þessum dómstóli að gera breytingar er lagt til að komið verði á lögréttu fyrir Norðurland, t.d. á Sauðárkróki.

Lögð er áhersla á að með löggjöf þurfi að auka þátt leikmanna í dómarastörfum bæði í héraðsdómum og lögréttu.

Um 58. gr.

Grein þessi er ný. Rétt þykir að binda í stjórnarskrá hver fari með ákærvaldið og jafnframt taka fram að ríkissaksóknari sé einungis bundinn af lögnum í embættisstörfum sínum til þess að leggja áherslu á sjálfstæði embættisins.

Um 59. gr.

Fyrsta setning greinarinnar er samhljóða upphafsákvæði núgildandi 61. gr. Ákvæðið um að ekki megi fela dómara föst umboðsstörf nema með lögum er nýmæli. Þykir það eðlileg takmörkun á því að dómurum séu falin ýmis störf sem utan dómstarfa liggja, af hálfu framkvæmdarvaldsins eða annarra aðila. Er ákvæðinu ætlað að tryggja sjálfstæði dómara í störfum og aðgreiningu dómsvalds frá öðrum greinum ríkisvaldsins.

Um 60. gr.

Áður 60. gr. Upphafsákvæðið er nýtt en þar er skilgreint hvert meginhlutverk dómsvaldsins er. Í núgildandi grein segir að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Glegggra þykir að nota hér orðið valdmörk enda hafa dómstólar jafnan túlkað ákvæðið á þá lund. Þá er það nýtt ákvæði að dómstólar skeri úr því hvort lög brjóti í bága við stjórnarskrá.

Um 61. gr.

Áður 61. gr. Í greininni er ríkissaksóknara bætt í flokk þeirra sem ekki verður vikið úr embætti nema með dómi. Þykir eðlilegt að þessi embættismaður njóti sömu verndar í starfi og þeir dómamarar sem núgildandi ákvæði taka til. Fellt er niður ákvæði um launakjör hæstaréttardómara sem lausn fær 65 ára eða eldri.

Um 62. gr.

Greinin er nýmæli. Er hér farið inn á þá valddreifingu sem talin hefur verið sjálfsgöð meðal annarra vestrænna lýðræðisríkja. Þessi valddreifing er nauðsynleg ef halda á landinu í byggð sem lýðveldi.

Um 63. gr.

Hér er verið að leggja til hina raunverulegu valddreifingu sem byggist á því að öll sú þjónusta, sem nú er í höndum ríkisstofnana en gæti verið á vegum fylkja, verði flutt þangað. Hér má til dæmis nefna að Norðurlandabýjórinnar hafa þá skipan að fylkin sjá um rekstur og hafa með höndum uppbyggingu á sjúkrahúsum, dvalarheimilum, barnaheimilum, skólum, fyrir utan grunnskóla sem tilheyra sveitarfélögum og háskóla sem tilheyra ríkisrekstri; enn fremur viðhald og uppbyggingu vega, hafna o.fl.

Um 64. gr.

Hér er í grófum dráttum gerð grein fyrir reglum um kosningu til fylkisþinga og stjórna en nánar skal kveðið á um þær í lögum.

Um 65. gr.

Með þessari grein er útilokuð sú miðstýring sem nú á sér stað í bankakerfinu. Seðlabanka er aðeins ætlað að gegna upphaflegu hlutverki sínu, þ.e. seðlaprentun, myntsláttu og að fara með ríkistryggð skuldabréf en ákvörðun um söluverð gjaldeyris er flutt til þeirra bankastofnana sem bera ábyrgð á rekstri fyrirtækjanna. Fylkisbankarnir ráða eingöngu eigin fé og skulu því skila öðrum bönkum og sparisjóðum fylkisins þeim gjaldeyri sem afurðir eru seldar á eigi síðar en viku eftir að greiðsla berst.

Um 66.–67. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 68. gr.

Grein þessi er nýmæli. Veitir hún íbúum sveitarfélaga rétt til þess að krefjast almennrar atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins ef þeir telja ástæðu til. Hér eru því lýðræðisleg réttindi íbúanna aukin og skulu tryggð í framkvæmd með lögum. Má ætla að heimildin verði sérstaklega notuð þegar um umdeild mál er að ræða sem íbúar sveitarfélagsins vilja fá að segja álit sitt á áður en til lykta eru ráðin. Svipaðar heimildir hafa gefið góða raun erlendis, m.a. í Bandaríkjunum og Sviss.

Um 69. gr.

Grein þessi er nýmæli og áréttar að Alþingi skuli hafa að leiðarljósi valddreifingu og sjálfstjórn byggðanna. Þetta eru hliðstæð ákvæði og eru í 5. gr. stjórnarskrár Ítalíu.

Um 70. gr.

62. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 71. gr.

63. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 72. gr.

64. gr. stjórnarskrár efnislega óbreytt.

Um 73. gr.

Greinin er nýmæli og er upphafsgrein mannréttindakaflans.

Um 74. gr.

Greinin er nýmæli. Hér er lögð áhersla á fullt jafnrétti á viðtæku sviði mannréttinda-verndar. Sambærilegt ákvæði er í mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna en Ísland er aðili að þeim báðum.

Um 75. gr.

Fyrri mgr. er nýmæli og er markmið hennar að tryggja réttaröryggi borgaranna á sem fyllstan hátt. Byggist hún á sambærilegu ákvæði í mannréttindasáttmálunum.

Síðari mgr. er í meginatriðum hin sama og núgildandi 65. gr. stjórnarskrárinnar. Við er bætt að handtekinn maður skal án tafar fá vitneskju um ástæður fyrir handtökunni og ekki megi halda manni í gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.

Um 76. gr.

Greinin er nýmæli í stjórnarskrá. Hún er hins vegar grundvallarregla í íslenskum rétti og full ástæða þykir til að binda hana í stjórnarskránni.

Um 77. gr.

Greinin er nýmæli. Hún er hins vegar grundvallarregla í hegningarlögum og er ítrekuð í mannréttindasáttmálunum.

Um 78. gr.

Áður 66. gr. Greinin er gerð ítarlegri, bannað að raska friðhelgi einkalífs, rannsaka einkagögn eða rjúfa símaleynd. Jafnframt er boðið að löggjöf skuli sett um vernd upplýsinga um einkahagi manna.

Um 79. gr.

Áður 72. gr. Sú grein var bundin við prentfrelsi. Hér er almennt tjáningarfrelsi tryggt og skoðanafrelsi.

Um 80. gr.

Áður 73. og 74. gr. Greinar þessar eru sameinaðar og mönnum tryggt funda- og félagafrelsi.

Um 81. gr.

67. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 82. gr.

69. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 83. gr.

Greinin er nýmæli. Er hún í samræmi við hlutaðeigandi ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Um 84. gr.

Grein þessi tjáir sömu grunnhugsun og fram kemur í 70. gr. núgildandi stjórnarskrár í ljósi nútímaviðhorfa í félags- og velferðarmálum.

Um 85.–86. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 87. gr.

68. gr. stjórnarskrár óbreytt.

Um 88. gr.

Gert er ráð fyrir að Alþingi fái ákveðna prósentu af skattaálgögum hvers fylkis og sú prósentu verði miðuð við hæstu leyfilega skattaálagningu. Þannig missir Alþingi í engu sínar tekjur þó að eitthvert fylki lækki sína skatta. Þá er einnig sett bann við afturvirkni skatta.

Um 89. gr.

Hér er um nýmæli að ræða og er tekið fyrir að lög megi setja sem hafa afturvirkni í för með sér.

Um 90. gr.

Greinin er nýmæli. Vernd náttúru landsins og auðlinda þess í framtíðinni er svo mikilvægt mál að það á heima í stjórnarskrá. Verndarskyldan hvílir á ríki og einstaklingum en nánar yrði fjallað um málið í heild í lögum.

Um 91. gr.

Greinin er nýmæli. Lýst er yfir þjóðareign á auðlindum hafs og hafsbotns við Ísland, jafnframt að náttúruauðlindir landsins skuli vera ævarandi eign Íslendinga. Afsal þeirra til útlendinga er því lýst óheimilt. Að því er einstakar auðlindir snertir, svo sem vatns- og virkjunarrétt, jarðhita og námuréttindi, er gert ráð fyrir því að um yferráðarétt þeirra verði fjallað í lögum. Er í greininni ekki tekin afstaða til þess hvort eða að hve miklu leyti slík náttúruauðæfi skuli vera ríkiseign. Er það undir ákvörðun Alþingis komið.

Um 92. gr.

Þegar kjósendur óska eftir þjóðaratkvæðagreiðslu skal tryggt að þeir, sem þess óska, séu að því sem næst jöfnu hlutfalli dreifðir um landið allt. Að öðrum kosti er hægt að safna þessum fjölda á einn stað og gæti valdið því að um ótímabærar þjóðaratkvæðagreiðslur yrði að ræða.

Þjóðaratkvæðagreiðsla verður að vera bindandi fyrir Alþingi þar sem annars er verið að lítilsvirða kjósendur.

Um 93. gr.

Grein þessi er nýmæli. Er tilgangur ákvæðisins að auðvelda mönnum að fá leiðréttingu mála sinna ef þeir telja á rétt sinn gengið af hálfu þeirra yfirvalda sem getið er í greininni. Áþekk ákvæði eru í stjórnarskrám ýmissa landa og eru þau talin hafa gefið góða raun.

Um 94. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 95. gr.

Lagt er til að nýr háttur verði hafður á við breytingar á stjórnarskránni. Eftir sem áður þarf til samþykki tveggja þinga með kosningum á milli. Ekki er lengur skylt að rjúfa þing þegar fyrri þingið hefur samþykkt stjórnarskrárbreytinguna. Nýmæli er einnig að nú skal fara fram sérstök þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrárbreytinguna eftir samþykki fyrri þingsins. Ráðast því örlög breytingarinnar af vilja þjóðarinnar. Svo er hins vegar ekki nú þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla fer ekki fram um stjórnarskrárbreytinguna sérstaklega heldur eiga sér einvörðungu stað almennar alþingiskosningar eftir þingrof þar sem um margt annað er kosið en stjórnarskrárbreytinguna.

Um 96. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.